116
25. júní

AUGLÝSING

um að Ísland hafi gengið að alþjóðasamningi um bætta aðstöðu sjómanna á verzlunarskipum til þess að fá læknishjálp við kynsjúkdómum, er hér með birtist í íslenzkri þýðingu.

SAMÞYKKT

lútandi að bættri aðstöðu sjómanna á verzlunarskipum til að fá læknishjálp við kynsjúkdómum.

Forseti argentínska lýðveldisins, Hans Hátign Belgakonungur, forseti lýðveldisins Kuba, Hans Hátign konungur Danmerkur og Íslands, forseti finska lýðveldisins, forseti franska lýðveldisins, Hans Hátign konungur hins sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Írlands og hinna brezku nýlendna fyrir handan höf, keisari Indlands, forseti gríska lýðveldisins, Hans Hátign Ítalíukonungur, Hans Hágöfgi furstinn af Mónakó, forseti Perú-lýðveldis, Hans Hátign Svíakonungur, viðurkenna að tími sé til kominn að hefjast sameiginlega handa í þeim tilgangi að veita sjómönnum á verzlunarskipum æskilega aðstöðu til að fá læknishjálp við kynsjúkdómum, og hafa ákveðið að gera með sér samþykkt þess efnis og tilnefnt sem umboðsmenn sína þá, sem hér greinir:

Forseti argentínska lýðveldisins:

Hr. *A. Blancas,* sérstakan sendimann sinn og ráðherra með umboði hjá Hans Hátign Belgakonungi.

Hans Hátign Belgakonungur:

Hr. *Hymans,* utanríkisráðherra sinn.

Forseti lýðveldisins Kuba:

Hr. *Luis de Miranda y de la Rua,* sérstakan sendimann sinn og ráðherra með umboði hjá Hans Hátign Belgakonungi.

Han Hátign konungur Danmerkur og Íslands:

Hr. *Otto Krag,* sérstakan sendimann sinn og ráðherra með umboði hjá Hans Hátign Belgakonungi.

Forseti finska lýðveldisins:

Hr. *Yrjó Saastamoinen,* erindreka Finnlands hjá Hans Hátign Belgakonungi.

Forseti franska lýðveldisins:

Hr. *Maurice Herbette,* sendiherra franska lýðveldisins hjá Hans Hátign Belgakonungi.

Hans Hátign konungur hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Írlands og hinna brezku nýlendna fyrir handan höf, keisari Indlands:

The Right Honourable Sir *George Grahame,* sérstakan sendiherra sinn með umboði hjá Hans Hátign Belgakonungi.

Forseti gríska lýðveldisins: **116**

Hr. *Nicolas Politis*, sérstakan sendimann sinn og ráðherra með umboði hjá forseta franska lýðveldisins. 25. júní

Hans Hátign Ítalíukonungur:

Hr. *Orsini Baroni*, sérstakan sendiherra sinn með umboði hjá Hans Hátign Belgakonungi.

Hans hágöfgi furstinn af Mónakó:

Hr. *Gustave E. Vandenbroock*, ræðismann Mónakó í Antverpen.

Forseti Perúlýðveldisins:

Hr. *Swayne y Mendoza*, erindreka Perú hjá Hans Hátign Belgakonungi.

Hans Hátign Rúmeníukonungur:

Hr. *Henry Cartagi*, sérstakan sendimann sinn og ráðherra með umboði hjá Hans Hátign Belgakonungi.

Hans Hátign Svíakonungur:

Hr. *de Dardel*, sérstakan sendimann sinn og ráðherra með umboði hjá Hans Hátign Belgakonungi.

Og er greindir fulltrúar höfðu sýnt hverir öðrum umboð sín og þau reynzt góð og gild, komu þeir sér saman um eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Hinir háu samningsaðilar skuldbinda sig til að setja á stofn og reka á hverri aðalhöfn í þeirra landi, hvort heldur við sjó eða fljót, sjúkrastofur fyrir kynsjúkdóma, er opnar séu öllum farmönnum á verzlunarskipum og bátamönnum, án tillits til þjóðernis.

Við sjúkrastofur þessar skulu starfa sérfróðir læknar og útbúnaður þeirra skal jafnan vera í samræmi við nýjustu vísindalegar framfarir. Þær skulu reistar á þeim stað og starfa með þeim hætti, að hlutaðeigendur hafi þar greiðan aðgang. Stærð þeirra verður í hverri höfn í hlutfalli við siglingar þar, og skulu þær hafa nægilega mörg sjúkrarúm til umráða.

2. gr.

Læknishjálp og lyf skulu látin í té ókeypis, sömuleiðis sjúkrahúsvist, þegar læknir stofnunarinnar telur, að hún hafi verið nauðsynleg.

Sjúklingar skulu ennfremur fá ókeypis þau lyf, sem nauðsynleg eru til að fylgja gefnum lækningareglum þann tíma, sem þeir eru á leiðinni til næsta viðkomustaðar.

3. gr.

Hverjum sjúklingi verður afhent skírteini, algerlega persónulegt, þar sem nægir að nefna hann einhverri tölu og þar sem læknar hinna ýmsu sjúkrastofnana, sem hann hefir komið á, færa inn:

a) sjúkdómslýsingu ásamt stuttu yfirliti yfir hin sérstöku sjúkdómseinkenni, sem skoðunin leiðir í ljós;

116 b) aðgerðir þær, sem framkvæmdar eru á sjúkrastofunni;
25. júní c) reglur þær, sem sjúklingurinn skal fara eftir á leiðinni;
d) árangurinn af blóðvatnsrannsóknum, sem framkvæmdar eru, ef um sárasótt er að ræða (Wassermann).

Þessi skírteini skulu gerð eftir meðfylgjandi fyrirmynd. Síðar má breyta þeim af hlutaðeigandi yfirvöldum.

Til þess að gera samanburð auðveldari, er æskilegt að rannsókn með Wassermanns-prófum sé alstaðar framkvæmd eftir sömu reglum, ef auðið er.

4. gr.

Skipstjórar og bátaeigendur eru skyldir að láta áhafnir sínar vita um sjúkrastofur þær, sem við er átt með samþykkt þessari.

Þegar sóttgæzlumaður framkvæmir læknisskoðun sína eða fer í fyrsta sinn um borð, skal hann afhenda skipsmönnum bréfmiða, þar sem skýrt sé frá, hvar og hvenær þeir geti náð fundi læknis.

5. gr.

Ríki þau, sem hafa ekki tekið þátt í þessari samþykkt, geta undirskrifað hana með ósk þar um. Þátttakan skal sem annað utanríkismál tilkynnt belgísku stjórninni, og hún tilkynnir hana aftur hinum stjórnunum, sem að samþykktinni standa.

6. gr.

Samþykkt þessi skal öðlast gildi að þrem mánuðum liðnum frá þeim degi, er skipzt hefir verið á lögfestingu hennar. Nú segir einn samningsaðili upp samþykkt þessari, og kemur þá sú uppsögn aðeins til framkvæmda gagnvart þeim aðila og það ekki fyrr en að ári liðnu frá þeim degi að telja, er uppsögnin hefir verið tilkynnt belgísku stjórninni.

7. gr.

Sé engin gagnstæð ákvörðun tekin af þeim undirrituðu ríkjum, sem hlut eiga að máli, skulu ákvæði þessarar samþykktar ekki ná til sjálfstjórnarnýlendna, nýlendna eignarlanda og verndarlanda hinna háu samningsaðila, né heldur til þeirra landa, sem samningsaðilar hafa tekið að sér að hafa umsjón með í nafni Þjóðabandalagsins.

Þó áskilja hinir háu samningsaðilar sér rétt til að undirrita samþykktina eftir fyrirmælum 5. gr. í nafni sjálfstjórnarnýlendna, eða jafnvel þeirra landa, sem þeir hafa tekið að sér umsjón með í nafni Þjóðabandalagsins. Þeir áskilja sér einnig rétt til að segja upp samþykktinni fyrir hvert land fyrir sig samkvæmt skilyrðum 6. gr.

8. gr.

Samþykkt þessi skal fullgilt og fullgildingin lögð fram í Brüssel svo fljótt sem auðið er.

Þessu til staðfestingar hafa fulltrúar hlutaðeigandi ríkja undirritað samþykkt þessa með nöfnum sínum og innsigli. 116 25. júní

Bert í Brüssel 1. desember 1924 í einu eintaki, sem geymt verður í skjalasafni belgíska utanríkisráðuneytisins, og verður staðfest afrit þess afhent hverjum samningsaðila.

Fyrir Argentínu:
Undirritun þessi er bundin samþykki ríkisstjórnarinnar („ad referendum") (L. S.) undirr.: Alberto Blancas.
Fyrir Belgíu:
(L. S.) undirr.: Hymans.
Fyrir Kuba:
(L. S.) undirr.: L. R. de Miranda.
Fyrir Danmörku:
(L. S.) undirr.: O. Krag.
Fyrir Finnland:
(L. S.) undirr.: Yrjó Saastamoinen.
Fyrir Frakkland og Túnis:
(L. S.) undir.: Maurice Herbette.
Fyrir Stóra-Bretland og Norður-Írland:
„Ég lýsi því yfir, að undirritun mín varðar aðeins Stóra-Bretland og Norður-Írland. Sérhverri brezkri sjálfstjórnarnýlendu, nýlendu, eignarlöndum handan við hafið og verndarlöndum, sem og einnig hverju því landi, sem Hans brezka Hátign hefir tekið að sér umsjón með í nafni Þjóðabandalagsins, áskil ég rétt til að gangast undir þessa samþykkt samkvæmt 7. gr.".
(L. S.) undirr.: George Grahame.
Fyrir Grikkland:
(L. S.) undirr.: Politis.
Fyrir Ítalíu:
(L. S.) undirr.: Orsini Baroni.
Fyrir furstadæmið Mónakó:
(L. S.) undirr.: Gustave E. Vanderbroock.
Fyrir Perú:
(L. S.) undirr.: G. Swayne y Mendoza.
Fyrir Rúmeníu:
(L. S.) undirr.: Henry Cartagi.
Fyrir Svíþjóð:
(L. S.) undirr.: G. de Dardel.

Lokabókun.

Lokabókunin í sambandi við undirskriftir samkomulagsins um kynsjúkdómalækningar fyrir farmenn á verzlunarskipum, fór fram í utanríkismálaráðuneytinu 1. desember 1924.

116 Við undirskriftina á ofangreindu samkomulagi gefa fulltrúar Frakklands,
25. júní Perú og Rúmeníu, hver í nafni sinnar ríkisstjórnar, eftirfarandi yfirlýsingar:

I) Yfirlýsing frönsku ríkisstjórnarinnar:

Franska ríkisstjórnin lýsir því yfir, að þessu samkomulagi verði, að því er Túnis snertir, aðeins framfylgt í höfninni Túnis.

II) Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar í Perú:

Ríkisstjórnin í Perú lýsir því yfir, að þessu samkomulagi verði, að svo stöddu, aðeins framfylgt í höfninni Callaos. Jafnskjótt og hún sér sér fært að láta það ná til annara hafna, mun hún tilkynna það belgísku stjórninni, sem mun skýra hinum samningsaðilunum frá því.

III) Yfirlýsing rúmensku ríkisstjórnarinnar:

Rúmenska ríkisstjórnin tekst ekki við undirskrift samkomulags þessa á herðar aðrar skuldbindingar en þær, sem hér fara á eftir:

1. Að taka inn á sjúkrahús og veita ókeypis læknishjálp erlendum farmönnum, er sýktir eru af kynsjúkdómum, í þeim sjúkrahúsum, sem nú eru til í hafnar- og fljótaborgum Rúmeníu, og fara með þá eins og venjulega sjúklinga, sem veitt er ókeypis læknishjálp.

2. Að veita ókeypis nauðsynleg læknislyf þangað til skip kemur í næstu höfn.

3. Að fyrirskipa heilbrigðisyfirvöldunum á staðnum að gera fyrirmyndir af heftum og færa þar inn hinar ýmsu upplýsingar, sem mælt er fyrir um í samkomulaginu.

4. Að taka inn á sjúkrahús alla þá farmenn, sem læknirinn á staðnum álítur að megi leggja á sjúkrahús, án þess þó að takast á herðar þá skuldbindingu að útbúa sérstakar sjúkrastofur fyrir farmenn.

Til staðfestingar á þessu hafa undirritaðir gert þessa lokabókun.

Gert í Brüssel, 1. desember 1924, í einu eintaki, og verður staðfest afrit þess afhent hverju því ríki, sem undirritar lokabókunina.

Fyrir Argentínu:
undirr.: Alberto Blancas.
Fyrir Belgíu:
undirr.: Hymans.
Fyrir lýðveldið Kúba:
undirr.: L. R. de Miranda.
Fyrir Danmörku:
undirr.: O. Krag.
Fyrir Finnland:
undirr.: Yrjó Saastamoinen.
Fyrir Frakkland og Túnis:
undir.: Maurice Herbette.
Fyrir Stóra-Bretland og Norður Írland:
undirr.: George Grahame.

Fyrir Grikkland: **116**

Ég lýsi því yfir að ég undirrita þetta samkomulag með sama fyrirvara og rúmenska stjórnin hefir gert. Undirr.: Politis. 25. júní

Fyrir Ítalíu:

undirr.: Orsini Baroni.

Fyrir furstadæmið Mónakó:

undirr.: Gustave E. Vandenbroock.

Fyrir Perú:

undirr.: G. Swayne y Mendoza.

Fyrir Rúmeníu:

undirr.: Henry Cartagi.

Fyrir Svíþjóð:

undirr.: G. de Dardel.

Fullgildingarskjal að ofangreindu samkomulagi og bókun var afhent í belgíska utanríkismálaráðuneytinu þann 1. maí 1928.

Tilkynning um þátttöku Íslands í þessu samkomulagi, að því er Reykjavíkurhöfn varðar, var tilkynnt belgísku utanríkismálastjórninni þann 20. nóvember 1928. Þess skal jafnframt getið, að Stóra-Bretland, Mónakó, Finnland, Danmörk, Grikkland, Belgía, Rúmenía, Frakkland, Ítalía og Svíþjóð hafa afhent fullgildingarskjöl sín að samkomulaginu en hinsvegar hefir Holland gengið að samkomulaginu, að því er snertir þann hluta af ríkinu, sem liggur í Evrópu, og ennfremur Pólland og Chile. Stóra-Bretland hefir tilkynnt, að Kanada, Nýja-Sjáland, Bahamaeyjar, brezka Honduras, Ceylon, Falklandseyjar, Fidji, Gambía, Gíbraltar, Gilbert- og Elliceeyjar, Granada, brezka Guyana, Jamaica, Leewardeyjar, Mauritius, Salomonseyjar, St. Lucia, St. Vincent, Seycheller, Straits Settlements og Trinidad, Irak, Ástralía, Cypern, Írska fríríkið, Hongkong og Norður-Borneo, hafi gengið að samkomulaginu, en Belgía hefir gefið samskonar tilkynningu að því er varðar belgísku Kongo. Loks hefir Frakkland tilkynnt, að franski hlutinn af Marokko, Algier, franska Mið-Afríka, franska Vestur-Afríka, Guadeloupe, Martinique, franska Guyana, Madagaskar, frönsku nýlendurnar í Indlandi, Indó-Kína, Tahiti og verndarríkið Kamerun hafi gengið að samkomulaginu.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Í ríkisstjórn Íslands, 25. júní 1935.

Haraldur Guðmundsson.